

Priðjudaginn 2. desember 1952.

Kærumálið nr. 31/1952.

Tunnuverksmiðjur ríkisins

gegn

Birni Magnússyni og Ágústi Ásgrímssyni.

Staðfestingar vættis synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. nóvember þ. á., sem hingað barst 27. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Akureyrar 14. nóvember þ. á. í máli varnaraðiljans Björns Magnússonar gegn sóknaraðilja, þar sem synjað var kröfu um staðfestingu vættis varnaraðiljans Ágústs Ásgrímssonar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðiljanum Ágústi heimilað að staðfesta vætti sitt.

Varnaraðilinn Björn Magnússon krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Af hálfu varnaraðiljans Ágústs Ásgrímssonar hefur hvorki borizt greinargerð né kröfur í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljanum Birni Magnússyni kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður hefur staðið að kæru máls þessa, sem er algerlega að ófyrirsynju. Ber að víta þetta.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Tunnuverksmiðjur ríkisins, greiði varnaraðilja Birni Magnússyni kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 14. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 10. þ. m., hefur stefnandi, Björn Magnússon verkamaður, Aðalstræti 4 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. febrúar s.l., á hendur stefnda, Tunnuverksmiðjum ríkisins, Siglufirði, og eru dómkröfur hans í málinu þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur, kr. 190.000.00, auk 5% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að þann 12. marz 1948 slasaðist stefnandi, er hann var við vinnu sína við stjórn sögunarvélar í tunnuverksmiðju á Akureyri, eign stefnda. Hefur hann skýrt þannig frá, að þegar hann setti sögunarvélin á gang, hafi hjólreiðar hennar verið slakar, og tók hann því að smyrja þær. Hjólreið lenti á hægri fæti hans, og við það kastaðist hann til, svo að hnífarnir á vélinni náðu í treyjuermi hans og hægri handleggur hans lenti á sög, sem vélin knýr, og handleggurinn skarst nær því sundur. Öryggishlíf, sem að jafnaði var yfir söginni, var ekki á vélinni, er slysið varð, og hafði ekki verið um skeið. Heldur stefnandi því fram, að hefði hlíf þessi verið á vélinni, séu líkur til, að ekki hefði orðið slys. Hlífinn hafði verið sett á vélina að fyriræmum vélaeftirlitsmanns ríkisins.

Nokkur vitni hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur um mál þetta. Eitt þessara vitna er Ágúst Ásgrímsson, verkstjóri verksmiðjunnar. Kom hann síðast fyrir dóm þann 7. þ. m. Skýrði hann frá, hvers vegna hlífinn hafði verið sett á vélina og að hún hefði verið til tafar, og þess vegna hefði hún ekki ávallt verið notuð. Hann skýrði og frá því, með hverjum hætti hann teldi sennilegt, að slysið hefði viljað til, og var það á annan veg en stefnandi hafði frá skýrt. Í lögreglurannsókn um slys þetta, er fram fór 1948, hafði vitni þetta einnig skýrt svo frá, að það teldi engar líkur til þess, að öryggishlífin hefði varnað slysi, þótt hún hefði verið á vélinni.

Umboðsmaður sóknaraðilja máls þessa mótmælti því, að vitni þetta yrði látið staðfesta vætti sitt, sökum þess að málið varðaði vitnið siðferðilega og e. t. v. lagalega. Var ágreiningur málsaðilja um þetta tekinn til úrskurðar sérstaklega, að undangengnum munnlegum málflutningi.

Vitnið var verkstjóri í verksmiðjunni, eins og fyrr greindi. Hann réði því, hvort fyrrnefnd öryggishlíf var notuð eða ekki, og á honum hvíldi nokkur ábyrgð um öryggisútbúnað í verksmiðjunni og að fylgt væri þeim fyriræmum, er vélaeftirlitsmenn settu þar um. Þykir því afstaða vitnis þessa til málsins vera slík, að varhugavert megi teljast, að hann staðfesti vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að synja kröfu varnaraðilja um það, að vitnið staðfesti vætti sitt.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Kröfu varnaraðilja um, að vitnið Ágúst Ásgrímsson staðfesti vætti sitt, er synjað.